

Litið til annarra sólkerfa

Inngangur að þema: Hugleiðing um bókmenntagagnrýni¹

Listamaðurinn óttast gagnrýnandann, á svipaðan hátt og slóttugur sjúklingur geðlækni. Ótinn stafar af ótta listamannsins við nekt sína, þótt hann hampi henni gjarna í verkum sínum. Kannski örklar einnig á ótta við þekkinguna, því það er hin blinda frumhvöt sem frjóvgar lista-verkið. Listamaðurinn óttast að annar en hann sjálfur komist að innsta kjarna efniviðarins. Líkt og sálsjúki maðurinn segir listamaðurinn aldrei allan sannleikann um hug sinn í verkum sínum. Hann verður aldrei sem opin bók. Sá sem semur bækur óttast hinn sem leysir þær upp í huganum.²

Þessi tilvitnun er tekin úr erindi sem Guðbergur Bergsson flutti á ráðstefnu sem haldin var af Samtökum íslenskra gagnrýnenda og fleiri félögum um gagnrýni, 11. september 1982.³ Guðbergur kallaði erindi sitt „Gagnrýni á gagnrýnina“ og var það síðar birt í *Tímariti Máls og menningar*. Ég leyfi mér að nota erindi Guðbergs sem nokkurs konar leiðarhnoða í gegnum þær hugleiðingar um bókmenntagagnrýni sem hér fara á eftir því í því veker hann máls á mörgum hliðum gagnrýninnar, sem og hinu flókna sambandi gagnrýnenda og listamanna. Eins og við er að búast er erindi Guðbergs á ýmsan hátt ögrandi en það er jafnframt

¹ Hér er meðal annars byggt á erindi sem höfundur flutti á málstofu um bókmenntagagnrýni á Hugvísindafingi Háskóla Íslands 10. mars 2023.

² Guðbergur Bergsson, „Gagnrýni á gagnrýnina. Erindi flutt á ráðstefnu um gagnrýni 11. sept. 1982“, *Tímarit Máls og menningar*, 43: 5/1982, bls. 556–561, hér bls. 560.

³ Að ráðstefnunni stóðu auk Samtaka íslenskra gagnrýnenda: Rithöfundasamband Íslands, Félag íslenskra leikara, Tónskáldafélag Íslands, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra listdansara og Félag íslenskra myndlistarmanna. Sjá frétt í *Morgunblaðinu*, 8. september 1982, bls. 37.



Ritid

3. tbl. 23. árg. 2023 (1-8)

© 2023 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.23.3.0
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

skrifað af djúpu innsæi í starf þeirra sem skapa skáldskap og hinna sem um hann fjalla.

Sextán árum síðar, á alþjóðlegum degi bókarinnar 23. apríl árið 1998, stóðu Samtök íslenskra gagnrýnenda aftur fyrir málþingi um bókmennta- og listgagnrýni og meðal málshefjenda þar var rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson. Erindi hans hafði yfirskriftina: „Gagnrýni skáldskapar“ og vísar í samnefnt ljóð Paul Eluards. Einar Már benti á að bókmenntagagnrýni væri ekki aðeins fólgin í skrifum gagnrýnenda um skáldskap heldur væri hana einnig að finna í skáldskapnum sjálfum; að þar væri gagnrýnið viðhorf.⁴ Þessu mætti raunar einnig snúa alveg á hvolf og minna á að tilurð sjálfrar skáldsögunnar er rakin til bókmenntagagnrýni: Í *Don Kíkóta* eftir Cervantes fer einum þræði fram ein alsherjar gagnrýni á riddarasögur. Annar snúningur á þessu er svo sú tilgáta að upphaf bókmenntagagnrýni, eins og við skiljum hugtakið í dag, megi rekja allt aftur til grísku skopleikjanna; til þess þegar Aristófanés skrifaði skopleiki gagngert í þeim tilgangi að gagnrýna – og hæðast að – grísku harmleikjaskáldunum.⁵ Spyrja má hvort hér glitti ef til vill í sjálfan kjarna allrar gagnrýni sem hafi áhrif á iðkun og stöðu gagnrýninnar sem fags? Ljóst er að sambúð skáldskapar og gagnrýni kallar oft fram nokkurs konar stríð ádeilu, háðs og hláturs, og er sett fram sem skemmtiatriði í fjölmiðlum.⁶ Slíka „satíríska gagnrýni“ stundaði einnig franska sautjándu aldar skáldið Nicolas Boileau sem „skrifaði satíur þar sem hann réðst á virta höfunda með skopstælingum á verkum þeirra“⁷ og reyndar er upphaf íslenskrar bókmenntagagnrýni oft rakið til ritdóms Jónasar Hallgrímssonar „Um Rímur af Tistrani og Indíönu“ eftir Sigurð Breiðfjörð sem hann birti í *Fjölmi* 1837. Þar beitir Jónas að hluta til aðferð satíru með grótesku myndmáli.

Það er ljóst að ef bókmenntagagnrýni er stunduð á forsendum satíru er hún ekki vænleg til uppbyggilegrar sambúðar skálda og gagnrýnenda og kallar fram átök á milli þessa tveggja hópa. Og líkt og með strauma og stefnur í bókmenntum

⁴ Sjá Einar Már Guðmundsson, „Frásögn af málþingi gagnrýnenda“, *Morgunblaðið*, 28. apríl 1998, bls. 41. Sjá einnig Þröstur Helgason, „Um gagnrýni“, [Viðhorf] *Morgunblaðið*, 28. apríl 1998, bls. 38. Taka má fram að Guðbergur Bergsson ræðir einnig hina gagnrýnu hlið skáldskaparins í ofanefndu erindi frá 1982.

⁵ Sem dæmi má nefna leikrit Aristófanesar, *Froskarnir*, þar sem segir frá keppni Æskílosar og Evrípedesar um hvor þeirra sé betra harmleikjaskáld.

⁶ Á málþingi Samtaka íslenskra gagnrýnenda 1998 flutti undirrituð erindi um upphaf gagnrýni í grísku skopleikjum Aristófanesar og var vísað í heiti þess erindis í yfirskrift á frásögn blaðamanns *Morgunblaðsins* af þinginu, sjá Kristín Ómarsdóttir, „Er gagnrýni skopleikur“, *Morgunblaðið*, 25. apríl 1998, bls. 26.

⁷ Sjá nánar: Auður Aðalsteinsdóttir, *Þvílkar ófreskjur. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmennta-sviði*, Selfossi: Sæmundur, 2021, bls. 51–52.

má tala um strauma og stefnur í aðferð gagnrýnenda. Ég leyfi mér að fullyrða að slík gagnrýni var til að mynda mun meira áberandi í íslenskum fjölmiðlum undir lok síðustu aldar en hún er um þessar mundir og sjaldséð nú á dögum að sjá óvægna satíriska ritdóma um ný bókmenntaverk.⁸ Þótt gjarnan sé haft á orði að gagnrýnendur hafi verið mun óvægarni í dómum áður fyrr hafa skiptar skoðanir ætíð verið á hlutverki gagnrýnenda. Ásgeir Hjartarson, sem skrifaði ritdóma um skeið en varð síðar mikilsvirkur og virtur leiklistargagnrýnandi um miðja tuttugustu öld, skrifar í *Félagsbréf AB* árið 1964 „að hæfir gagnrýnendur séu hverju þjóðfélagi eins nauðsynlegir og listamennirnir sjálfir“ og lýsir vel skilningi sínum á hlutverki gagnrýnandans:

Það er heilög skylda listdómarans að setja fram mál sitt á ljósan hátt og á góðu máli, skrifa læsilega svo ekki sé fastar kveðið að orði; og þó er staðgóð þekking, skarpur skilningur, sannur áhugi, óbrigðull heiðarleiki og vandvirkni fyrir mestu. Ekki eru allir fæddir með lipran penna í höndum, en með sjálfsga og einbeiti er hægt að læra að skrifa, svo er guði fyrir að þakka. Gagnrýnendur verða framar öllu að reyna að komast að kjarna verksins, gera lesendum sínum ljóst meginefni þess, innsta eðli og listgildi. Og eina lágmarkskröfu verður til þeirra að gera: þeir eiga að skrifa af háttvísi, nærfærni og sanngirni, og særa engan vitandi vits þótt hann liggi vel við höggi, og sízt byrjendur og unga óharðnaða listamenn.⁹

Á málþingi Samtaka íslenskra gagnrýnenda 1998 gantaðist Einar Már með það í umræðum sem fylgdu í kjölfarið á erindi hans að líklega þyrfti að líta til annarra sólkerfa til að finna vitræna umræðu um list.¹⁰ Slík mælskufraði er sígildur fylgífiskur umræðu um bókmennta- og listgagnrýni og mætti rekja ótal dæmi um það. Tilvitnun í orð Guðbergs Bergssonar hér í upphafi gefur ef til vill ágæta hugmynd um hið flókna samband sem ríkir á milli þeirra sem skapa list og hinna sem um hana fjalla. Ótti listamannsins við gagnrýnandann hefur fætt af sér margar myndir sem þeir fyrrnefndu hafa dregið upp af þeim síðarnefndu og ljóst er að skáldin nota háð á gagnrýndendur ekki síður en gagnrýnendur á skáld. Bandaríska leikskáldið Edward Albee líkti gagnrýnendum við

⁸ Hér styðst undirrituð við ríflega fjörutú ára reynslu af starfi bókmenntagagnrýnanda. Einnig má lesa um þetta víða í bók Auðar Aðalsteinsdóttur, *Þéttlíkar ófreskjur. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði*.

⁹ Ásgeir Hjartarson, „Utangarðsmenn“, *Félagsbréf*, 36/01.10.1964, bls. 27–30, hér bls. 29.

¹⁰ Sjá Einar Már Guðmundsson, „Frásögn af málþingi gagnrýnenda“, bls. 41.

svín sem róta í ruslinu, breski kollegi hans John Osborne líkti þeim við hunda sem míga utan í ljósastaura og aðrir hafa líkt þeim við nöðrur sem sæta færís að höggva eiturtungu sinni í listamenn og spýta í þá banvænu eitrunu.¹¹ Kannski er þekktasta samlíkingin við gelding. Írska ljóðskáldið Brendan Behan skrifaði: „Gagnrýnendur eru eins og geldingar í kvennabúri: Þeir vita hvernig það er gert, þeir hafa séð það gert daglega en þeir geta ekki gert það sjálfir.“¹² Í þessari síðustu viðlíkingu er ein lífsseigasta myndin af gagnrýnendum sett fram; að þeir séu upp til hópa fólk sem þrái að vera listamenn, eða höfundar fagurbókmennta í tilviki bókmenntagagnrýnenda, en skorti hæfileika. Undirliggjandi er því einnig sú skoðun að í gagnrýninni felist ákveðin hefnd hinna getulausu gagnvart þeim sem geta. Þrátt fyrir að listamenn hreyti slíkum ónotum í gagnrýnendur er þó ljóst að fátt finnst þeim verra en að fá enga gagnrýni á verk sín og listaverk eiga yfirleitt skamman líftíma fyrir höndum ef þau vekja engin viðbrögð.

Í inngangi að riti sínu *Þvítíkar ófreskjur: Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði* bendir Auður Aðalsteinsdóttir á að sú iðja að skrifa ritdóma sé ekki aðeins nær ókannað viðfangsefni heldur sjaldan talin mikillar fræðilegrar umfjöllunar verð. „Hún er fremur lágt sett í virðingarstiga bókmenntaheimsins, eins og nokkurs konar ljót stjúpustír hinnar fræðilegu bókmenntagreiningar.“ En Auður bætir við: „Við nánari athugun verður þó ljóst að ritdómar gegna mikilvægu hlutverki og rannsóknir á þeim geta afhjúpað ýmsar grunnstoðir bókmenntasviðsins.“¹³ Í því sambandi mætti spyrja: Hvaða grunnstoðir afhjúpar sú staðreynd að vönduðum ritdómum fer fækkandi á Íslandi í dag um leið og því verður varla á móti mælt að við lifum mikla blómatíð á sviði íslensks skáldskapar? Augljósasta svarið virðist tengjast breyttu fjölmiðlaumhverfi þar sem prentuð blöð sem áður voru meginvettvangur ritdóma hafa lagt upp laupana hvert á fætur öðru og netmiðlar sem margir hverjir lúta lítilli sem engri stjórn hafa tekið við. Þar geta allir tekið að sér hlutverk gagnrýnenda, óumbeðnir og ólaunaðir, og þörfum ‚markaðsins‘ er þannig mætt. En einnig mætti hugleiða hvort fækkunin á vönduðum ritdómum leiði ekki í ljós aðrar hliðar á íslensku bókmenntasviði, svo sem almennt áhugaleysi á bókmenntum á tímum fjölbreyttrar afþreyingar í öðru og aðgengilegra formi, sem og minnkandi lestrarfærni ungmenna sem mikið er um rætt þessa dagana.

¹¹ Sjá til dæmis Sissel Lie og Liv Nysted, *Samtale med et svín: en antology om litteraturkritikk*, Oslo: Cappelen, 1995, þar er víða fjallað um lýsingar rithöfunda á gagnrýnendum.

¹² Þessi orð Brendans Behans eru fleyg og má finna víða á vefsíðum sem birta snjallar tilvitnanir, svo sem hér á vefsíðunni *Brainy Quotes*: https://www.brainyquote.com/quotes/brendan_behan_132621

¹³ Auður Aðalsteinsdóttir, *Þvítíkar ófreskjur. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði*, bls. 9.

Vera kann að undirritið sé á hálum ís með því að tala um fækkun á „vönduðum ritdómum“ í tengslum við breytt fjölmíðlaumhverfi. Ritdómar í prentuðum blöðum hafa ætíð verið af ýmsu sauðahúsi og misvel vandað til verka á þeim vettvangi. Á vefmiðlum samtímans má líka víða sjá vönduð vinnubrögð þótt lunginn af því sem þar birtist í ætt við ritdóma lúti engri ritstjórn og byggist sjaldnast á mikilli þekkingu – fremur á skoðunum og tilfinningum – og er í raun ekki um *gagnrýni* að ræða. „Ekkert hugarfar er athyglisverðara en það hugarfar sem er gagnrýnið hugarfar“¹⁴ skrifar Guðbergur Bergsson í „Gagnrýni á gagnrýnina“ og hann vill gera greinarmun á *gagnrýni* annars vegar og *ritdómi* eða *umsögn* um bækur sem birtast í blöðum hins vegar: „Oft er því sagt að gagnrýnandinn skrifi ritdóm, að ritdómarinn birti umsögn. Og gagnrýni getur verið allt í senn: umsögn, ritdómur og gagnrýni. Oftast er þó starf þess sem skrifar um listir einungis metnaðarlaust bull um þær í blöðum.“¹⁵

Guðbergur tekur starf gagnrýnandans alvarlega og skrifar einnig: „Ætti ég mér ósk bæði ég gagnrýnandann að reyna að útskýra það hvernig raunveruleikinn er spunninn úr hugarflugi og hugarflugið fléttað úr raunveruleikanum.“¹⁶ Þetta er fallega orðað og mætti vera starfandi gagnrýnendum til ráðgjafar. Eins mættu þeir taka sér til fyrirmyndar það sem hann skrifar um hlutverk gagnrýnandans:

Hlutverk gagnrýnandans er að skilja hismið frá kjarnanum. Það er að einhverju leyti á hans ábyrgð, hvort á hinn andlega markað þjóðar-menningarinnar fer kjarni eða hismi. Líkast er þó best að kjarni og hismi fari saman. Hugurinn lifir líka á hisminu. Þess vegna er vandi gagnrýnandans og listamannsins í rauninni sá sami. Raunverulegur listamaður er frjósamur gagnrýnandi og skapandi gagnrýnandi er í rauninni listamaður.¹⁷

Hann ítrekar þessa skoðun þegar hann skrifar: „Ég leyfi mér að álíta að gagnrýnin sé ævinlega annað hvort skapandi eða deyðandi. [...] Höfuðmáli skiptir að jafnt listin sem gagnrýnin sé sprottin úr skapandi huga. Í sköpun er líka alltaf eitthvert niðurif.“¹⁸ Krafan um skapandi gagnrýnanda sprettur af því að gagnrýnin byggist á sköpuðum verkum og á skilið skapandi viðbragð. „Að gagnrýna

¹⁴ Guðbergur Bergsson, „Gagnrýni á gagnrýnina“, bls. 556.

¹⁵ Sama heimild, bls. 557–558.

¹⁶ Sama heimild, bls. 559.

¹⁷ Sama heimild, bls. 560.

¹⁸ Sama heimild, bls. 556.

er það að láta í ljós skoðun eftir að rýnt hefur verið að einhverju gagni í verkið“, skrifar Guðbergur líka og hann telur að gagnrýnin hafi „sín uppeldisáhrif, því að gagnrýnandinn hefur upp raust sína eftir að hann hefur skoðað verkið niður í kjölinn. Hið leynda eðli verksins, sem liggur djúpt og flestum hulið, er dregið af honum án miskunnar fram í dagsljósið. Innsti kjarninn er í auglýningu allra. Slíkt þolir listamaðurinn ekki“¹⁹ og þess vegna „óttast [hann] gagnrýnandann, á svipadán hátt og slóttugur sjúklingur geðlækni“.²⁰

Hér að ofan var minnst á Samtök íslenskra gagnrýnenda. Þau voru stofnuð árið 1981 og stóðu fyrir nokkrum málþingum sem minnst hefur verið á hér að framan. Samtökin lögðu þó upp laupana í lok tuttugustu aldar og engin tilraun hefur verið gerð til að endurvekja þau. Ef til vill segir það sitt um stöðu bókmennta- og listgagnrýni á Íslandi nú á dögum. Í upphafi erindis Guðbergs sem hér hefur verið notað sem leiðarhnoði, segir: „Kreppa er í nánd og vandinn neyðir menn til að hugsa“²¹, en undir lok þess skrifar hann: „Listin og gagnrýnin finna frið í stríðinu.“²²

Þema *Ritsins* er að þessu sinni *Gagnrýni* og umfjöllunin snýst að mestu leyti um bókmenntir; aðeins ein grein sem varðar aðra listgrein barst ritstjórum, en þó skal tekið fram að í einni af hinum greinunum er fjallað hvort tveggja um bókmenntir og myndlist. Ritryndar þemagreinar heftisins eru fimm og ein óritrynd grein fellur undir þemað.

Í fyrstu ritryndu greininni leiðir færeyski bókmenntafræðingurinn Paula Gard okkur beint inn í umræðuna um kreppu gagnrýninnar undir fyrirsögninni: „Bókmenntagagnrýni í Færeyjum: Er kreppa forsenda tilvistar?“ Þar ræðir hún þær áskoranir sem bókmenntagagnrýnin stendur frammi fyrir í breyttu fjölmiðlalandslagi samtímans. Hún bendir á að gagnrýni eigi í vök að verjast sem sjálfstætt tjáningarform; gagnrýnendur séu víða settir í þá stöðu að þurfa að verja rétt sinn til að gagnrýna og eigi í samkeppni á samfélagsmiðlum þar sem útgefendur, vinir og stuðningsmenn höfundar tjá hug sinn og skoðun á nýútgefnum verkum. Paula telur að slíkt kreppuástand í bókmenntagagnrýni, sem og varnarstaða ritdómara, sé ekki nýmæli; þvert á móti ályktar hún að það sé jafnvel sjálf forsenda tilvistar bókmenntagagnrýninnar. Þau orð hennar ríma skemmtilega við áðurnefnd orð Guðbergs Bergssonar: „Listin og gagnrýnin finna frið í stríðinu.“ Þorvaldur Kristinsson þýðir grein Paulu úr færeysku.

¹⁹ Sama heimild, bls. 557.

²⁰ Sama heimild, bls. 560.

²¹ Sama heimild, bls. 556.

²² Sama heimild, bls. 560.

Í grein Auðar Aðalsteinsdóttur, „Fagurfræði vistkerfanna“, er fjallað um aðra og mun stærra kreppu sem mannkynið stendur frammi fyrir; hamfarir vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum. Þótt flestir séu á því að við þurfum á skáldskap að halda til að takast á við þennan nýjan veruleika vaknar um leið sú spurning hvort hefðbundin bókmenntaform dugi hreinlega til. Auður veltir fyrir sér hvert sé hlutverk fagurfræði frammi fyrir svo stórum spurningum og hún gerir grein fyrir hugtökum á borð við vistskáldskap og vistlist. Auður kynnir til sögunnar kenningar sem hvetja til endurlesturs og endurtúlkunar á skáldskap með meiri athygli á tengslanet og vishverfni (e. *ecocentrism*), en það felur í sér að hafa vistræn viðmið að leiðarljósi í stað þeirra mannhverfu viðhorfa sem einkennt hafa mannöldina.

Í þriðju þemagreininni, „Við hæfi barna?“, fjallar Guðrún Steinþórsdóttir um viðtökur og gagnrýni á *Gæsa húðar*-bækur R. L. Stine og Helga Jónssonar og spyr hvort það sé við hæfi að nota skáldskap til að hræða börn. Jafnframt sýnir hún fram á nán tengsl íslensku bókanna við þær bandarísku og veltir fyrir sér hvort ekki megi tala um hugmyndastuld í því samhengi. Þá ræðir Guðrún einnig tilraunir fólks til að banna *Gæsa húðar*-bækur Helga árið 2017 og skoðar sérstaklega hvaða ástæður lágu þar að baki og spyr hvort tilraunir til bókabanna og ritskoðunar séu réttu lausnirnar til að takast á við óhugnað í barnabókum.

Grein Æsu Sigurjónsdóttur er eina ritrýnda þemagreinin sem ekki fjallar um bókmenntir heldur beinir kastljósinu að myndlist. Greinin nefnist „Íslensk myndlist í erlendri gagnrýni: Frá Georg Gretor til Gregorys Volk“ og fjallar um hvernig erlendir listgagnrýnendur – hvort sem þeir eru fæddir í lok níjándu aldar eða á seinni hluta þeirrar tuttugustu – freistast allaf til að skilgreina íslenska myndlist á forsendum landafræði og náttúru. Æsa rýnir í merkingu hins sértæka í íslenskri myndlist og gerir tilraun til að varpa ljósi á hvernig listgagnrýni hefur mótað myndlist og myndlistarsögu á Íslandi. Það gerir hún með því að beita orðræðugreiningu á skrif nokkurra erlendra listgagnrýnanda um íslenska myndlist.

Í síðustu ritrýndu þemagreininni fáum við áhugaverða innsýn inn í það hversu afdrifaríkar afleiðingar óvæginn bókmenntagagnrýni getur haft í för með sér fyrir þann sem fyrir henni verður. Vísi að slíkri gagnrýni má sjá í ritdómi Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti um *Íslandsvísur* Guðmundur Magnússonar (1873–1918) sem birtist í mánaðarritinu *Óðni* árið 1905. Um viðtökur *Íslandsvísa* fjallar Sveinn Yngvi Egilsson í þemagrein sinni í þessu hefti. Guðmundur Magnússon sá sig í framhaldinu knúinn til að taka upp dulnefnið Jón Trausti svo að framúdarverk hans væru óbundin slæmu orðspori.

Óritrýnda þemagreinin er efur Svan Má Snorrason og byggir á BA-ritgerð

hans í almennri bókmenntafræði frá árinu 2019. Greinin fjallar um bókmenntaþátt Egils Helgasonar, *Kiljuna*, og áhrifamátt hans á íslenskt bókmenntalíf. Eins og fram kemur í yfirskrift greinarinnar: „...gagnrýni í Kiljunni hefur úrslitaáhrif...“, hefur bókagagnrýnin sem fram fer í sjónvarpsþættinum gríðarleg áhrif á sölu þeirra bóka sem fjallað er um þar, sem og á útlán á bókasöfnum. Svanur Már tók viðtöl við fjölda fólks sem tengjast íslensku bókmenntalífi við gerð ritgerðar sinnar og við enn fleiri við vinnslu greinarinnar og niðurstöður hans eru ótvíræðar og koma líklega fáum á óvart.

Í heftinu eru einnig birtar tvær ritrýndar greinar utan þema; önnur á sviði bókmenntafræði en hin á sviði málfraði. Í greininni „Þú ferðast gegnum dimman kynjaskóg af blekkingum“ sýnir Kristján Hrafn Guðmundsson nýja hlið á höfundarverki Steins Steinarrs því þar fjallar hann um hinseginleika og samkynja langanir í völdum ljóðum skáldsins. Kristján Hrafn bregður upp svipmynd af Steini og reykvísku samfélagi á fyrri hluta tuttugustu aldar til að draga fram hvernig tíðarandinn og það umhverfi sem skáldið lifði og hrærðist í hafði áhrif á ljóðlist þess. Kristján Hrafn styðst einkum við útgefið efni Steins en skoðar líka handrit hans til samanburðar og varpar ljósi á áhugaverðar breytingar sem skáldið gerði á handritum áður en til birtingar kom.

Það er skemmtileg tilviljun að síðasta grein heftisins, „Um hugrænar forsendur fyrir útvíkkun beygingarvixla“, tengist Færejum, líkt og sú fyrsta. Þar beinir Jón Símon Markússon sjónum að færeyskum kvenkynsnafnorðum með endingunni *-ar* í nefnifalli og þolfalli fleirtölu. Eins og Jón Símon bendir á eru slíkar myndir stundum skynjaðar sem karlkynsmyndir og fá þá greininn *-nir* í nefnifalli fleirtölu, en koma þó oftast fyrir með kvenkynsgreininum *-nar*. Til að varpa ljósi á þessa breytingu skoðar hann sérstaklega hugrænar forsendur fyrir ferlinu og dregur fram hvaða þættir, sem ekki varða málkerfið, skipta máli í því sambandi.